

Föstudaginn 25. júlí 1986.

Nr. 218/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sverri Þór Einarssyni

Kærumál. Hald á verðmætum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m., er barst Hæstarétti 21. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur og er vísað til forsendna hans og einnig til 1. sbr. 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður að skilja kröfugerð þessa þannig að til greina komi að krafa verði gerð í opinberu máli um að hin haldlögðu verðmæti verði gerð upptæk.

Eigi er þörf á að halda umræddum verðmætum lengur vegna sönnunargildis þeirra. Hins vegar verður eigi skorið úr því fyrr en í væntanlegu refsímáli hvort krafa um upptöku verður tekin til greina. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

S é r a t k v æ ð i**Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.**

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum kærða úrskurði, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. júlí 1986.

Málavextir:

Hinn 21. júní sl. var Sverrir Þór Einarsson f. 2.5. 1962, þá til heimilis að Hjarðarhaga 23 hér í borg, handtekinn á Hótel Lofleiðum hér í borg, ásamt þýskum ríkisborgara og hafði Sverrir skömmu fyrir handtöku veitt

viðtöku tösku af hinum þýska manni og innhélt nefnd taska tæplega 3 kíló af hassi. Eftir handtöku Sverris var kveðinn upp húsleitarúrskurður hér fyrir dómi um húsleit að Hjarðarhaga 23, Reykjavík. Við nefnda húsleit lögðu rannsóknaraðilar m.a. hald á mikið magn lausafjár. Sverrir Þór mun nú hafa fengið hluta nefnds lausafjár afhentan utan erlendan gjaldeyri, sem reyndist vera 5.061 bandarískir dollarar, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund. Sverrir hefur krafist þess af rannsóknaraðilum málsins að fá framangreindan gjaldeyri afhentan en verið neitað um afhendingu. Réttargæslumaður Sverris Þórs hefur því fyrir hönd nefnds Sverris gert þá kröfu hér fyrir dómi að dómurinn úrskurði um réttmæti haldlagningar framangreinds gjaldeyris er lagt var hald á við áðurgreinda húsleit að Hjarðarhaga 23, Reykjavík.

Sverrir Þór Einarsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 21. júní sl. vegna gæsluvarðhaldskröfu og var Sverrir Þór þá spurður um gjaldeyri er fannst við framangreinda húsleit. Sverrir Þór bar við nefnda dómsyfirheyrslu að hafa síðustu vikurnar safnað að sér gjaldeyri til að þurfa ekki að skipta ísl. mynt í erlendan gjaldeyri er komið var að greiðslu til flutningsaðila fíkniefnanna hingað til lands. Sverrir Þór bar við lögreglu yfirheyrslu 24. júní sl. að gjaldeyri, sem ætlaður var til greiðslu fíkniefnanna er hann fékk afhent hinn 21. júní sl., hafi verið geymdur í tösku undir rúmi að Hjarðarhaga 23. Framangreindur gjaldeyri fannst einmitt þar.

Niðurstöður:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknaraðila er rannsókn á meintum þætti Sverris Þórs í máli þessu ekki lokið.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74, 1974 skal leggja hald á muni sem ætla má að hafi sönnunargildi í opinberu máli eða ætla má að gerðir verði upp-tækir.

Sverrir Þór hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að gjaldeyri sá er hér er um fjallað hafi verið sérstaklega ætlaður til greiðslu fyrir fíkniefni þau er hann fékk afhent hinn 21. júní sl. á Hótel Loftleiðum en Sverrir Þór gat ekki efnt kaupin af sinni hálfu vegna afskipta lögreglu.

Telja verður að margnefndur gjaldeyri hafi sönnunargildi í væntanlegu refsímáli á hendur Sverri Þór og að vegna hinnar viðtæku upptökuheimildar í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og vegna málavaxta að öðru leyti, kunni af hálfu ákærvalds að vera gerð krafa um upptöku framangreindra fjármuna og er því nauðsynlegt að hafa sérgreint andlag vegna hugsanlegrar upptökukröfu þótt ekki komi í ljós fyrr en í væntanlegu refsímáli hvort slík krafa verði gerð og þá hver verði afdrif hennar.

Samkvæmt öllu ofanrituðu og með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974 skal hald það, er lagt var á 5.061 bandaríska dollara, 7.850 danskar krónur,

250 sænskar krónur og 60 ensk pund við húsleit að Hjarðarhaga 23, Rvk. hinn 21. júní sl., standa óhaggað.

Úrskurðarorð:

Hald það, er lagt var 21. júní 1986 á 5.061 bandaríska dollara, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund við húsleit hjá Sverri Þór Einarssyni að Hjarðarhaga 23, hér í borg, skal standa óhaggað.

Fimmtudaginn 28. ágúst 1986.

Nr. 234/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Birnu Björnsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. þ.m., er barst dóm-inum 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði stað-festur.

Varnaraðili gaf skýrslu fyrir sakadómi Reykjavíkur 22. ágúst 1986. Þau atriði, er varnaraðili gat ekki upplýst við þá skýrslugjöf, eru ekki þess eðlis, að telja verði að hann hefði getað spiltt sönn-unargögnum varðandi þau eða torvelað rannsókn þeirra með öðrum hætti, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þótt hann hefði þá verið látinn laus úr haldi. Því buðu rannsóknarnauðsynjar eigi að varnaraðili væri hneppur í gæsluvarðhald eftir fyrrgreinda skýrslugjöf. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.